



## Úrskurður nr. 9/2018

29. október 2018

Andmæli gegn skráningu merkisins EMILIANA nr. V0103910

CONSORZIO TUTELA VINI EMILIA, Ítalíu gegn Viñedos Emiliana S.A., Chile.

### Málavextir

Þann 2. mars 2017 lagði G.H. Sigurgeirsson ehf., f.h. Viñedos Emiliana S.A., Nueva Tajamar 481, Torre Sur, oficina 701, Las Condes Santiago, Chile inn umsókn um skráningu vörumerkisins EMILIANA, nr. V0103910. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokki 33. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum fyrir tilgreindar vörur í flokki 33 þann 15. maí 2017.

Með erindi, dags. 14. júlí 2017, andmælti Sigurjónsson & Thor ehf. skráningu merkisins f.h. CONSORZIO TUTELA VINI EMILIA, Via Virgilio 55m 41123 Modena, Ítalíu. Andmælin byggja á því að vörur auðkenndar með hinu andmæлта merki eiga ekki uppruna sinn að rekja til Emilia Romagna á Ítalíu, sbr. 2. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.)

Meðan á málsmeðferð stóð lagði hvor aðili um sig inn tvær greinargerðir. Með erindi Einkaleyfastofunnar, dags. 12. febrúar 2018, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til meðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

### Málsástæður og lagarök

*Fyrri greinargerð andmælanda*

Andmælandi byggir andmæli sín á því að vörur auðkenndar með hinu andmæлта merki eigi ekki uppruna sinn að rekja til Emilia Romagna á Ítalíu. Bendir andmælandi á að 2. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. feli í sér almenna reglu í samræmi við sögulegan uppruna Samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS). Sú meginhugsun sé að baki ákvæðinu að því eigi að beita þegar merkið er til þess fallið að villa um fyrir neytendum og greinir andmælandi frá forsögu ákvæðisins sem er að rekja til dönsku vörumerkjalaganna. Telur andmælandi að Einkaleyfastofan hefði átt að hafna skráningu merkisins.

Þá bendir umsækjandi á að 3. mgr. 14. gr. vml. feli í sér aukna vernd fyrir þær vörur sem hin andmæлта skráning nær yfir, sem og 10. tl. 1. mgr. 14. gr. sem byggður sé á svipuðum sjónarmiðum. Að mati andmælanda gætu 2. og 10. tl. 1. mgr. 14. gr. sem og 3. mgr. 14. gr. hver um sig stutt við andmælin.

Andmælandi vísar til athugasemda í greinargerð með 3. mgr. 14. gr. vml. þar sem fram kemur að um sérstaka reglu varðandi vín og sterka drykki sé að ræða. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. byggir á 2. mgr. 23. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS). Með hugtakinu „landfræðilegt heiti á vínnum og sterkum drykkjum“ sé átt við heiti sem gefa til kynna að vín eða sterkir drykkir séu upprunnir í ákveðnu landi eða á nánar tilteknum stað, t.d. Burgundy.



Að mati andmælanda vísar merkið EMILIANA til staðarins Emilia Romagna, sem sé svæði á norður Ítalíu. Svæðið er eitt frjósamasta og afkastamesta vínræktarsvæði landsins og hafi vínviður verið ræktaður á yfir 136.000 ekum árið 2010 og sé framleiðslusvæðið í stöðugum vexti. Vínrækt á svæðinu nær aftur til sjöundu aldar fyrir Krist og er því eitt elsta vínræktarsvæði Ítalíu. Vín bærust þangað með Erítreumönnum og síðar notuðu Rómverjar Via Aemilia-veginn sem svæðið er nefnt eftir, til að flytja vín á milli borga.

Bendir andmælandi á að Emilia er nú talið eitt auðugasta svæði Evrópu og verg landsframleiðsla á mann sé sú þriðja hæsta á Ítalíu. Vínræktarsvæðið hafi mikla þýðingu fyrir Ítalíu og Evrópusambandið og sé um að ræða hágæða framleiðslu. Mikil hefð er fyrir framleiðslu matar og víns á svæðinu og eru þar meðal annars framleidd heimsfræg vín líkt og Lambrusco frá Emilia, Pignoletto frá Bologna og Sangiovese og Albana frá Romagna. Á svæðinu séu einnig framleidd önnur fræg matvæli svo sem ostar og kjötafurðir.

Andmælandi vísar til þess að landfræðilega heitið EMILIA eða DELL'EMILIA sé ávallt ritað á undan heitinu á þrúgutegundinni og hafi það verið þannig síðan snemma á tuttugustu öld. Bendir hann á að gæðavinin frá Emilia séu þekkt um allan heim og það sé fyrir tilstuðlan vernduðu landfræðilegu heitanna EMILIA eða DELL'EMILIA sem hagfræðilegt landsvæði hafi þróast með vínframleiðendum, víngerðarhúsum og átöppurum.

Þá vísar andmælandi til þess að fræðast megi um orðspor EMILIA og útbreiðslu vínræktarsvæðisins hjá ýmsum höfundum, m.a. Bacci og Garoglio sem báðir lýsa gæðum víns frá Emilia.

Andmælandi vísar til nýlegrar rannsóknar sem Institute of Service for the Agricultural and Food Market (ISMEA) gerði um efnahag og gæði vínræktar á Ítalíu, en samkvæmt henni er EMILIA eða DELL'EMILIA í fjórða sæti yfir verndaðar ítalskar landfræðilegar merkingar fyrir vottaða framleiðslu.

Þá bendir andmælandi á að ríki Evrópusambandsins séu leiðandi í framleiðslu á víni og séu þar framleidd 175 milljón hektólítrar ár hvert. Á heimsvísu hefur Ítalía 45% vínræktarsvæða, 65% framleiðslunnar, 57% af neyslunni og 70% af útflutningi.

Að lokum bendir andmælandi á að heitin EMILIA eða DELL'EMILIA hafi verið skráð í Evrópu frá árinu 1999 sem landfræðileg heiti.

#### *Fyrri greinargerð eiganda*

Eigandi mótmælir því að merkið EMILIANA gefi til kynna að vörur sem auðkenndar séu með merkinu komi frá Ítalíu og sé þar með villandi og að merkið vísi til héraðsins EMILIA eða DELL'EMILIA.



Eigandi bendir á að vínið EMILIANA sé framleitt af fyrirtækinu Viñedos Emiliana S.A í Chile, sem stofnað var árið 1986 og hafi síðan á 10. áratug síðustu aldar einbeitt sér að lífrænni og umhverfisvænni ræktun á vínviði. Bendir eigandi á að framleiðslan sé á 2,812 hekturum lands í nokkrum héruðum í Chile. Fyrirtækið hefur fengið umhverfis- og lífrænar vottanir frá virtum stofnunum á sviði vottunar og gæðatrygginga lífrænna vara ásamt því að hafa fengið vottanir varðandi félagslega ábyrgð og kolefnisjöfnun. Eigandi bendir á að Emiliana er stærsti framleiðandi lífræns víns í heiminum og eru vörur þeirra seldar um allan heim, enda sé vín frá Chile vel þekkt.

Eigandi telur EMILIANA ekki vera vísun í landfræðilegt heiti, enda sé það þekkt kvenmannsnafn bæði á Íslandi og erlendis. Bendir eigandi á að það að tengja EMILIANA við EMILIA eða DELL'EMILIA sé líkt og að segja að ELÍN, LENA og HELENA eða JÓHANNA og HANNA séu sömu nöfnin. Um sé að ræða skyld nöfn en ekki þau sömu. Enn síður telur eigandi að nafnið EMILIANA sé vísun í landfræðilegt heiti.

Eigandi bendir á að vín merkt með vörumerkinu EMILIANA sé selt hér á landi, bæði „EMILIANA Brut Organic“ freyðivín og „EMILIANA Coyam“ rauðvín. Þá bendir eigandi á að í vínbúðinni séu hillur merktar eftir löndum og vínnum frá sömu löndum raðað saman. Þá komi einnig fram á miðum vínflaskanna hvaða landi vínið kemur. Því ætti ekki að vera hætta á ruglingi eða reynt að villa um fyrir neytendum.

Að lokum bendir eigandi á að vörumerkið hafi verið skrásett í Noregi árið 2014 án vandkvæða.

#### *Seinni greinargerð andmælanda*

Andmælandi ítrekar að þar sem vörur auðkenndar með hinu andmæлта merki eiga ekki uppruna sinn að rekja til Emilia Romagna á Ítalíu hefði Einkaleyfastofan átt að hafna skráningu á vörumerkinu EMILIANA *ex officio*. Bendir andmælandi á að í 2. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. er almennt bann við skráningu villandi vörumerkja en reglan eigi rót sína að rekja til norrænnar samvinnu, en vernd á landfræðilegum heitum (*e. geographical indications*) hafi verið aukin í Evrópu. Bendir andmælandi þá á að eigandi hinnar andmæltu skráningar er ekki frá Ítalíu heldur Chile og að Einkaleyfastofan hefði einnig getað hafnað skráningu á grundvelli 3. mgr. 14. gr. vml.

Andmælandi bendir á að hann er eigandi að skráningum á tveimur vernduðum landfræðilegum heitum (*e. Protected Geographical Indications*) hjá Evrópusambandinu. Um er að ræða skráningu PGI-IT-A0509 EMILIA og dell'EMILIA frá 19. febrúar 1999 sem hafi réttaráhrif á Íslandi sbr. 3. mgr. 14. gr. vml. og 27. gr. laga nr. 130/2014 um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Þá leggur andmælandi fram hlekk og skjáskot sem sýna skráningarskírteinið.

Andmælandi bendir á að skráningar á landfræðilegum heitum byggja m.a. á reglugerð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 1234/2007. Reglugerðin og breytingarreglugerð nr. 1308/2013 hafa verið innleiddar á Íslandi með reglugerð nr. 327/2016 um gildistöku



reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016 um breytingu á bókun 47 við EES samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Innleiðing framangreindra reglugerða á Íslandi sem og 3. mgr. 14. gr. vml. tryggja því að skráð landfræðileg heiti í Evrópusambandinu gilda einnig hér á landi.

Þá bendir andmælandi á að sú aukna vernd sem löggjafinn hefur veitt landfræðilegum heitum sé einnig ljós í frumvarpi við nefnda 3. mgr. 14. gr. vml. Þar kemur fram að ákvæðið sé byggt á 2. mgr. 23. gr. TRIPS samningsins.

Ítrekar andmælandi að með hliðsjón af ákvæðinu sé því óheimilt að skrá vörumerki fyrir léttvín sem felur í sér landfræðilegt heiti sem nýtur verndar fyrir slíkar vörur. Að mati andmælanda nægir þá að hið landfræðilega heiti sé hluti af vörumerkinu sem um ræðir. Sú vernd er því til viðbótar við þann rétt sem 2. tl. 1. mgr. 14. gr. veitir og getur hvor ástæða fyrir sig staðið sjálfstætt sem forsenda höfnunar.

Andmælandi telur að þar sem hið andmælt merki, EMILIANA, innihaldi hið verndaða landfræðilega heiti, EMILIA, beri að hafna skráningu merkisins á grundvelli 14. gr. vml. enda sé merkið ekki notað til að auðkenna vörur frá umræddu héraði á Ítalíu heldur frá Chile.

Vísar andmælandi til þess að Evrópudómstóllinn hafi m.a. staðfest þetta í nýlegum dómi nr. T-206/16 frá 28. september 2017 sem varðaði synjun á skráningu merkisins TRES TOROS 3 fyrir áfengar vörur nema bjór, á grundvelli þess að fyrir var skráð landfræðilega heitið TORO fyrir vín frá Spáni. Í inngangi niðurstöðu sinnar tiltekur dómurinn að synjun á þessum grundvelli sé ekki háð því að komist sé að þeirri niðurstöðu að merkið geti verið villandi með tilliti til hins skráða landfræðilega heitis eða að það valdi ruglingshættu. Í því máli sem hér um ræðir telur andmælandi það þó vera svo að hið andmælt merki sé villandi með tilliti til landfræðilegs heitis andmælanda. Að auki telur andmælandi heitin EMILIA og EMILANA vera lík í sjón og framburði.

Þá vísar andmælandi til fyrri greinargerðar sinnar varðandi sögulegan grunn EMILIA og telur að þær upplýsingar sem eigandi veitir í sinni greinargerð um verðlaun, viðurkenningar og forsögu hins andmælt merkis engu breyta um þá vernd sem hinu landfræðilega heiti EMILIA hefur verið veitt í Evrópusambandinu og Einkaleyfastofunni er skylt að virða samkvæmt íslenskum lögum.

Andmælandi fer fram á að andmælin verði tekin til greina.

#### *Síðari greinargerð eiganda*

Eigandi ítrekar það sem áður hefur komið fram í fyrri greinargerð sinni og bendir einnig á að hann eigi skráð sama vörumerki, EMILIANA nr. 955/2014 hér á landi. Þá bendir hann á að vörumerkið EMILIA eða merki sem innihalda EMILIA finnist ekki í skrá Einkaleyfastofunnar.



## Niðurstaða

Andmælin ásamt greiðslu gjalds bárust innan tilskilins frests og teljast þau því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins EMILIANA nr. V0103910. Andmælin byggja á því að vörur auðkenndar með hinu andmæлта merki eigi ekki uppruna sinn að rekja til Emilia Romagna á Ítalíu og feli í sér landfræðilegt heiti, sbr. 2. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.)

Í 2. tl. 1. mgr. 14. gr. vml., er tekið fram að vörumerki megi ekki skrá ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um tegund vöru, ástand eða uppruna. Í athugasemdum við 14. gr. vml. í frumvarpi því er varð að lögum um vörumerki kemur fram að mestu máli skipti hvort líklegt er að menn láti blekkjast, t.d. hvað varðar uppruna vöru og/eða þjónustu. Af því leiðir að merki er ekki sjálfkrafa talið villandi um uppruna af þeirri ástæðu einni að það innihaldi landfræðilegt heiti. Meta verður heildarmynd merkisins sem um ræðir í samhengi við þær vörur og/eða þjónustu sem það óskast skráð fyrir og ber þá m.a. að líta til þess hvort líklegt sé að almenningur, sem kaupir vöruna og/eða þjónustuna, telji að hún geti komið frá þeim stað sem merkið vísar til. Ákvæði þessu hefur verið beitt varlega, en ekki er nægjanlegt að möguleiki sé á því að neytandi geti villst heldur þarf það að vera líklegt. Að mati Einkaleyfastofunnar hefur ekki verið sýnt fram á að líklegt sé að neytendur láti blekkjast um uppruna vörunnar. Andmælin eru því ekki tekin til greina á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 14. gr. vml.

Í 3. mgr. 14. gr. vml. er tekið fram að óheimilt sé að skrá vörumerki fyrir vín og sterka drykki sem fela í sér landfræðilegt heiti á vínum og sterkum drykkjum nema varan sé upprunnin frá viðkomandi stað. Í greinargerð með frumvarpi til vörumerkjalaga segir um ákvæðið að um sé að ræða sérstaka reglu sem varðar vín og sterka drykki. Ákvæðið byggir á 2. mgr. 23. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS). Með hugtakinu „landfræðilegt heiti á vínum og sterkum drykkjum“ er átt við heiti sem gefa til kynna að vín eða sterkir drykkir séu upprunnir í ákveðnu landi, héraði eða á nánar tilteknum stað, t.d. Burgundy.

Í ákvæði 2. mgr. 23. gr. TRIPS samningsins kemur fram að ekki megi skrá merki sem innihalda eða samanstanda af landfræðilegu heiti fyrir vín. Að mati Einkaleyfastofunnar er orðalag TRIPS samningsins og vörumerkjalaga því nokkuð víðtækt, þ.e. að önnur merki mega ekki fela í sér hið landfræðilega heiti. Ákvæðið er svohljóðandi: *The registration of a trademark for wines which contains or consists of a geographical indication identifying wines or for spirits which contains or consists of a geographical indication identifying spirits shall be refused or invalidated, ex officio if a Member's legislation so permits or at the request of an interested party, with respect to such wines or spirits not having this origin.*

Tilgangur ákvæðisins er að sporna við óréttmætum viðskiptaháttum og því að neytendur villist hvað varðar uppruna vöru. Vín og sterkir drykkir njóta enn sterkari verndar í TRIPS



samningnum en aðrar vörur, en ekki er gerð krafa um að raunveruleg hættu sé að hinn almenni neytandi villist heldur eingöngu að það sé mögulegt.

Andmælandi bendir á í greinargerð sinni að Emilia Romagna sé landfræðilegt svæði á Ítalíu. Heitið Emilia eða dell'Emilia sé verndað landfræðilegt heiti, sbr. skráning PGI-IT-A0509, frá 19. febrúar 1999 fyrir *wine with a protected geographical indication (PGI)*.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1234/2007 ásamt síðari breytingum nr. 1308/2013 tók gildi hér á landi þann 5. apríl 2016 með reglugerð nr. 327/2016 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Reglugerðin var að hluta til innleidd í bókun 47 við EES samninginn, með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 40/2016 þann 5. febrúar 2016. Í 1. gr. ákvörðunarinnar kemur m.a. fram að ákvæði 92.-108. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skuli gilda hér á landi, en í ákvæðunum er ítarlega fjallað um vernd landfræðilegra heita í tengslum við vín.

Í 102. gr. reglugerðarinnar er fjallað um tengsl við vörumerki, en þar segir að ekki megi skrá vörumerki sem inniheldur eða samanstendur af vernduðu upprunaheiti ef varan sem um ræðir uppfyllir ekki skilyrði upprunaskráningarinnar. Í 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 segir að Framkvæmdastjórnin skuli koma á fót og viðhalda rafrænni skrá<sup>1</sup> yfir verndaðar upprunatóknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir vín, sem skuli vera aðgengileg almenningi. Þá segir enn frekar í 107. gr. sömu Evrópureglugerðar að þau vínheiti sem um getur í 51. og 54. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 og 28. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 skuli sjálfkrafa fá vernd samkvæmt þessari reglugerð og að Framkvæmdastjórnin skuli færa þau í rafrænu skrána sem kveðið er á um í 104. gr. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.

Af framangreindu leiðir að allar verndaðar upprunatóknanir og landfræðilegar merkingar fyrir vín sem skráðar eru í rafræna skrá Framkvæmdastjórnarinnar njóta sömu verndar í EES og EFTA ríkjum og í aðildarríkjum Evrópusambandsins, óháð því hvenær slík vernd var veitt af hálfu Evrópusambandsins og hvenær slíkar skuldbindingar urðu hluti af EES-samningnum.

EMILIA og EMILIANA eru vel þekkt sem nöfn á Íslandi sem og í Evrópu. Á ítölsku hefur *Emiliana* merkingu sem *frá Emilia*, samkvæmt ítalskri-enskri veforðabók Collins<sup>2</sup>. Það sem mestu máli skiptir fyrir það mál sem hér er til úrlausnar er að EMILIANA felur í sér hið verndaða landfræðilega heiti EMILIA, sem líkt og áður sagði er verndað sem upprunaheiti fyrir vín og sterka drykki frá Emilia og hefur gildi á Íslandi.

Vörumerkið EMILIANA nr. V0103910 er skráð fyrir vín í flokki 33 en vörulistinn takmarkast ekki við vín frá Emilia. Það er óumdeilt að EMILIA eða DELL'EMILIA er skráð landfræðilegt heiti í

---

<sup>1</sup> European Commission: Agriculture and rural development, E-Bacchus:  
<http://ec.europa.eu/agriculture/markets/wine/e-bacchus/>

<sup>2</sup> <https://www.collinsdictionary.com/dictionary/english-italian>



Evrópu fyrir vín frá Emilia Romagna. Það liggur einnig fyrir að vörumerkið EMILIANA felur í sér hið landfræðilega heiti en er upprunið frá Chile. Að mati Einkaleyfastofunnar er orðalag ákvæðis 3. mgr. 14. gr. vml. og 2. mgr. 23. gr. TRIPS samningsins víðtækt, en samkvæmt þeim er óheimilt að skrá vörumerki fyrir vín og sterka drykki sem *fela í sér (vml.), innihalda eða samanstanda (TRIPS)* af landfræðilegum heitum.

Eigandi bendir á að merkið hafi verið skráð í Noregi árið 2014 án vandkvæða. Einkaleyfastofan vísar til þess að stofnunin er sjálfstætt stjórnvald sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir. Ákvarðanir stjórnvalda í öðrum löndum eru því ekki bindandi fyrir stofnunina. Í framkvæmd síðustu ára hefur þó ekki reynt mikið á mál sem grundvölluð eru á 3. mgr. 14. gr. vml. og getur því eftir atvikum verið rétt að líta til erlendra framkvæmdar. Einkaleyfastofan bendir því einnig á að þann 8. ágúst 2018 úrskurðaði Vörumerkja- og hönnunarskrifstofa Evrópusambandsins (EUIPO) í sambærilegu máli og því sem hér er til meðferðar. Um er að ræða niðurfellingarmál nr. 11077C, en málsaðilar eru þeir sömu og í því máli sem hér er til úrlausnar og málsástæður

### EMILIANA



einnig. Niðurstaða málsins var sú að vörumerkið \_\_\_\_\_ yrði afmáð úr vörumerkjaskrá í heild sinni, þar sem það fæli í sér hið landfræðilega heiti EMILIA sem er skráð fyrir vín og sterka drykki sbr. j. liður 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 207/2009 um Evrópuvörumerki.

Hvað varðar þau rök eiganda að samanburður EMILIA og EMILIANA jafnist á við að telja að ELÍN, LENA og HELENA eða JÓHANNA og HANNA séu sömu nöfnin væri að mati Einkaleyfastofunnar nærtækara að bera saman önnur skráð landfræðileg heiti og bæta endingunni „NA“ við. Hvað varðar tilvísun eiganda til skráningar nr. 955/2014 bendir Einkaleyfastofan á að hver umsókn um skráningu vörumerkis er metin sjálfstætt og hlýtur sjálfstæða meðferð. Sú skráning kemur því ekki til skoðunar í þessu máli enda er aðeins verið að fást við andmæli gegn skráningu nr. V0103910.

Með vísan til framangreinds telur Einkaleyfastofan ljóst að merkið EMILIANA feli í sér landfræðilegt heiti á víni og því sé skráning þess óheimil sbr. 3. mgr. 14. gr. vml.

Andmæli gegn skráningu merkisins EMILIANA, nr. V0103910 eru tekin til greina.

### Úrskurðarorð

Skráning merkisins EMILIANA nr. V0103910 skal felld úr gildi.

Dagný Fjóra Jóhannsdóttir, lögfr.



Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Einkaleyfastofunnar **innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðarins** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.